

# Heimsóknarskýrsla Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Fangageymslur

23. og 25. maí 2022

OPCAT-eftirlit með stöðum þar  
sem frelsissviptir dvelja



UMBODSMAÐUR  
ALÞINGIS



LÖGREGLAN

# **Heimsóknarskýrsla**

## **Lögglustjórinn á Norðurlandi**

### **eystra**

Fangageymslur

23. og 25. maí 2022

OPCAT-eftirlit til að hindra pyndingar  
eða aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi  
meðferð eða refsingu á stöðum þar sem  
frelssviptir einstaklingar dvelja

Útgáfudagur 21. desember 2022

# Efnisyfirlit

1	Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar.....	6
2	Samantekt.....	7
3	Almennar upplýsingar.....	12
4	Inngrip, þvinganir og valdbeiting.....	13
4.1	Almennt.....	13
4.2	Þvinganir og valdbeiting.....	13
4.3	Myndvöktun.....	14
5	Aðbúnaður í fangageymslum.....	18
5.1	Aðbúnaður í fangageymslu á Akureyri.....	18
5.1.1	Almennt.....	18
5.1.2	Húsnæði.....	18
5.1.3	Klefar.....	19
5.1.4	Hreinlætisaðstaða.....	21
5.2	Aðbúnaður í fangageymslu á Siglufirði.....	22
6	Vistun handtekinna barna.....	23
6.1	Almennt.....	23
6.2	Barnvænn aðbúnaður.....	23
6.3	Upplýsingagjöf.....	25
7	Gæsluvarðhaldsvistun.....	26
7.1	Almennt.....	26
7.2	Gagnaöflun um fjölda og timalengd gæsluvarðhaldsvistana.....	27
7.2.1	Mikilvægi fullnægjandi upplýsingagjafar stjórnvalda.....	28
7.2.2	Nánar um skráningar í tengslum við gæsluvarðhaldsvistanir.....	28
7.2.3	Flutningur og ábyrgð.....	29
7.2.4	Aðbúnaður gæsluvarðhaldsfanga.....	30
8	Starfsfólk.....	33

8.1	Almennt.....	33
8.2	Menntun og þjálfun .....	33
<b>9</b>	<b>Heilbrigðisþjónusta.....</b>	<b>36</b>
9.1	Almennt.....	36
9.2	Heilbrigðisþjónusta.....	36
9.3	Afskipti vegna geðræns ástands .....	38
9.4	Sjálfsvígshætta.....	38
<b>10</b>	<b>Upplýsingagjöf og skráning.....</b>	<b>40</b>
10.1	Almennt.....	40
10.2	Upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir.....	40
10.3	Skráning.....	41
<b>11</b>	<b>Eftirfylgni.....</b>	<b>42</b>

# 1 Undirbúningur og framkvæmd heimsóknar

Heimsókn umboðsmanns Alþingis í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra (LNE) á Akureyri og Siglufirði fór fram 23. og 25. maí 2022. Um var að ræða þriðju heimsókn umboðsmanns í fangageymslur lögreglu samkvæmt svonefndu OPCAT-eftirliti, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Lögreglunni var ekki tilkynnt um nákvæma tímasetningu heimsóknarinnar fyrir fram en ótilkynntar heimsóknir á staði þar sem fólk sætir eða kann að sæta frelsissviptingu er liður í OPCAT-eftirliti umboðsmanns. Samstarf við stjórnendur og aðra starfsmenn lögreglunnar var engu að síður prýðilegt.

Fyrir heimsóknina var óskað eftir upplýsingum og gögnum um vistun og aðbúnað á lögreglustöðinni á Akureyri. Meðal annars var óskað eftir gögnum um valdbeitingu, líkamsleit og -rannsókn og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Umbeðnar upplýsingar og gögn bárust umboðsmanni 9. og 13. maí 2022. Síðar bárust einnig svör frá lögreglustjóranum 16. september og frá Fangelsismálastofnun (FMS) 5. október 2022.

Heimsókn umboðsmanns í fangageymslur beindist að aðstöðu, aðbúnaði og meðferð þeirra sem eru í haldi lögreglunnar á Norðurlandi eystra og fór fram í fangageymslum lögreglunnar á Akureyri og á Siglufirði. Af hálfu umboðsmanns og starfsmanna hans voru aðstæður kannaðar, rætt við starfsfólk og handteknar og fylgst með starfseminni að degi til. Eftirfarandi starfsmenn umboðsmanns tóku þátt í heimsókninni:

- Skúli Magnússon (umboðsmaður Alþingis).
- Anna Rut Kristjánsdóttir (skrifstofustjóri á sviði kvartana, frumkvæðismála og OPCAT).
- Elísabet Ingólfssdóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).
- Svava Gerður Ingimundardóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

## 2 Samantekt

- Umboðsmaður Alþingis heimsótti fangageymslu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á Akureyri og Siglufirði dagana 23. og 25. maí 2022. Athugun umboðsmanns beindist að vistun einstaklinga í fangageymslu, aðbúnaði þar og almennu verklagi og starfsháttum lögreglu í tengslum við vistunina. Að þessu sinni tilkynnti umboðsmaður ekki um nákvæman komutíma sinn fyrir fram.
- Aðalstöð lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er við Þórunnarstræti á Akureyri en auk hennar eru fjórar lögreglustöðvar staðsettar utan Akureyrar, þ.e. á Húsavík, Siglufirði, Dalvík og Þórshöfn. Handteknir menn í umdæmi lögreglustjórans eru að jafnaði vistaðir á lögreglustöðinni á Akureyri en einnig eru dæmi um að gæsluvarðhaldsfangar vistist þar á meðan þeir bíða flutnings í Fangelsið Hólmsheiði. Á árstímabili fyrir heimsóknina voru 480 einstaklingar handteknir í umdæminu en þar af vistuðust 299 í fangageymslum.
- Umboðsmaður hefur lagt áherslu á að einstaklingsbundið mat skuli fara fram á nauðsyn einstakra ákvarðana sem felí í sér inngrip í grundvallarétt manna til friðhelgi einkalífs. Í skýrslunni er m.a. vikið að framkvæmd myndvöktunar í fangaklefum lögreglustöðvarinnar á Akureyri sem er almenn og fer ávallt fram við vistun handtekinna manna. Í því sambandi er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að endurskoða framkvæmd myndvöktunar þannig að metið sé í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann eða gæsluvarðhaldsfanga sæta stöðugri myndvöktun. Jafnframt veki framkvæmdin upp spurningar um hvort ástæða sé til að skýra verklag við framkvæmd myndvöktunar og er ábendingu um að taka það til skoðunar beint til ríkislögreglustjóra. Þeim tilmælum er jafnframt beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að tryggja að vistmenn í fangageymslum séu upplýstir um myndvöktun með fullnægjandi hætti, s.s. með merkingum inni á klefum.

- Aðbúnaður í fangageymslu lögreglustjórans er almennt fullnægjandi þegar kemur að vistunum sem vara ekki umfram 24 klukkustundir. Í þessum efnum eru þó sett fram ýmis tilmæli og ábendingar til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, m.a. í tengslum við aðgengi að klukku, lýsingu í klefum, staðsetningu bjöllu og hreinlætisaðstöðu. Í skýrslunni er aðbúnaði í fangageymslunni á Siglufirði jafnframt lýst en þar vistast handteknir aðeins í undantekningartilvikum og þá einungis til skamms tíma.
- Í viðmiðum Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum (CPT-nefndarinnar) kemur fram að forðast beri að vista börn sem og ungmenni í hefðbundnum fangaklefum. Á Akureyri voru sex ungmenni yngri en 18 ára vistuð í fangageymslum lögreglu á því árstímabili sem kom til skoðunar. Í þessu sambandi er rétt að nefna að ekkert barnaverndarúrræði, á borð við Neyðarvistun Stuðla, er rekið í umdæmi lögreglustjórans. Við heimsókn umboðsmanns kom fram að leitast væri við að vista ungmenni í sérstökum klefum sem hafi ekki eins rammgert yfirbragð og aðrir klefar en skráning leiddi í ljós að ungmenni voru í þremur af sex tilvikum vistuð í hefðbundnum fangaklefa. Í skýrslunni er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans að verklag við vistun barna taki mið af þeim sérstöku sjónarmiðum sem eiga við um þau, m.a. um hvaða klefa skuli nota við vistun þeirra. Þeirri ábendingu er jafnframt beint til lögreglustjórans og dómsmálaráðherra að taka til skoðunar hvort aðbúnaður á lögreglustöðinni teljist viðhlítandi með tilliti til sérsjónarmiða sem gilda um vistun barna. Þá er þeim tilmælum jafnframt beint til lögreglustjórans að útbúa sérstakt upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslum eftir atvikum með atbeina ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytisins.
- Gæsluvarðhaldsfangar vistast almennt í Fangelsinu Hólmsheiði en þó er heimilt, ef aðstæður leyfa, að vista þá í skamman tíma í fangageymslum lögreglu. Eftir lokun Fangelsisins á Akureyri er nú ekkert gæsluvarðhaldsúrræði í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fanga sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald þarf því að flytja í Fangelsið á Hólmsheiði. Í heimsókn umboðsmanns kom fram að dæmi væru um að gæsluvarðhaldsfangar vistuðust í fangageymslum lögreglu á Akureyri þegar tafir yrðu á flutningi í fangelsi.
- Í kjölfar heimsóknarinnar var nánari upplýsinga óskað frá lögreglustjóranum, m.a. um lengd og fjölda gæsluvarðhaldsvistana í fangageymslum lögreglunnar frá lokun fangelsisins. Í svörum lögreglu kom



fram að gæsluvarðhaldsfangar væru almennt ekki vistaðir í fangageymslum og þá aðeins í nokkrar klukkustundir í senn en afla mætti nánari upplýsinga um fjölda og lengd gæsluvarðhaldsvistana hjá Fangelsismálastofnun. Í umbeðnum upplýsingum frá Fangelsismálastofnun kom fram að dæmi væru um að gæsluvarðhaldsfangar hefðu vistast á lögreglustöðinni á Akureyri í allt að þrjá daga. Með athugasemdum við lokadrög skýrslunnar bárust nánari upplýsingar frá lögreglustjóranum um gæsluvarðhaldsvistanir í fangageymslum þar sem einnig er að finna dæmi um allt að 72 klukkustunda vistun gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum. Upplýsingum frá Fangelsismálastofnun og lögreglunni ber ekki að öllu leyti saman en samkvæmt skýringum lögreglu kann það að stafa af því að viðmiðunartímabilin séu ólík auk þess sem stofnanirnar lesi í gögnin með mismunandi hætti. Í ljósi þess bendir umboðsmaður á það í skýrslunni að fyrirbyggjandi upplýsingar og gögn, svo og skortur á þeim, gefi til kynna að skráningu um vistanir gæsluvarðhaldsfanga á lögreglustöðinni sé ábótavant.

- Vegna þess að ekki bárust nákvæmar upplýsingar frá lögreglu framan af um vistanir gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum er í skýrslunni vikið að hlutverki umboðsmanns þegar kemur að OPCAT-eftirliti og vakin athygli á mikilvægi þess að honum berist fullnægjandi upplýsingar. Í því sambandi er bent á að viðhlítandi upplýsingagjöf stjórnvalda sé forsenda þess að umboðsmaður geti rækt það eftirlitshlutverk sem honum er ætlað samkvæmt lögum á grundvelli valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
- Viðhlítandi skráning í tengslum við frelsissviptingu manna er mikilvægur þáttur í að varpa ljósi á aðbúnað þeirra og hvort þeir hafi haft aðgang að þeim grunnréttindum sem þeim skulu tryggð. Skráning er einnig forsenda þess að frelsissviptir menn geti látið reyna á réttindi sín, þ.m.t. kvörtunar- og kærurétt. Í heimsókninni kom fram að skráning lögreglu á vistunarpplýsingum færi fram í ritvinnsluforriti en ekki í skráningar kerfi lögreglu (LÖKE) og var því ekki í samræmi við verklagsreglur embættisins. Af svörum lögreglu og Fangelsismálastofnunar varð ekki annað ráðið en að óvissa væri um hver bæri ábyrgð á vistunarskráningu gæsluvarðhaldsfanga sem sé vistaður í fangageymslum lögreglu og bíði flutnings. Var þeim tilmælum því beint til dómsmálaráðherra að skýra ábyrgð á vistun gæsluvarðhaldsfanga og skráningu þar að lútandi.

- Af fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum frá lögreglu og Fangelsismálastofnun má ráða að verklag sé óskýrt um framkvæmd og samvinnu stofnana um flutning gæsluvarðhaldsfanga í fangelsi. Það kunni að valda því að gæsluvarðhaldsfangi vistist lengur á lögreglustöð og er þeim til mælum því beint til lögreglustjórans og Fangelsismálastofnunar, eftir atvikum með aðkomu dómsmálaráðherra, að skýra ábyrgð og verklag við vistun og flutning gæsluvarðhaldsfanga.
- CPT-nefndin hefur mælt gegn því að gæsluvarðhaldsfangar dvelji í fangageymslum lögreglu, m.a. þar sem aðbúnaður þar sé almennt ekki hannaður m.t.t. þess að þar dvelji frelsissviptir menn umfram sólarhring. Í fangageymslu lögreglu á Akureyri geta vistmenn t.a.m. ekki komist undir bert loft og þar sæta þeir að mestu leyti einangrun á meðan vistun stendur. Af lagafyrirmælum sem heimila til skamms tíma vistun gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu verður ráðið að þau séu bundin við að hinn vistaði hafi aðgengi að lágmarksaðbúnaði. Að því gættu beinir umboðsmaður því til Fangelsismálastofnunar og lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að bæta verklag um vistun og flutning gæsluvarðhaldsfanga þannig að þeir séu fluttir án tafa í viðeigandi fangelsisúrræði. Því er jafnframt komið á framfæri við sömu aðila, auk ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra, að aðstaða í fangageymslu lögreglunnar uppfyllir almennt ekki þær kröfur sem gerðar eru til vistunar gæsluvarðhaldsfanga.
- Í skýrslunni er sjónum beint að þjálfun og menntun lögreglumanna í ljósi þess að nokkur fjöldi afleysingamanna sinnir almennt löggaeslu við embættið. Í því sambandi er þeim til mælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra, að nauðsynlegt sé að endurskoða og eftir atvikum auka þjálfun og fræðslu afleysingamanna. Þannig megi tryggja að þeir hafi þekkingu á mannréttindaviðmiðum og löggjöf svo og valdbeitingaradferðum og skyndihjálpi, ekki síst í ljósi þeirra skyldna sem lögregla hefur við vistun handtekinna.
- Réttur til heilbrigðisþjónustu hefur verið talinn einn grundvallarþátta til verndar mönnum í haldi lögreglu. Í þeim efnum er til mælum beint til lögreglustjórans um að tryggja að upplýsingum um rétt manna til að fá lækni kallaðan til sé komið á framfæri með fullnægjandi hætti og að einstaklingsbundið mat fari fram á viðveru lögreglu í læknaviðtölum.

- Samhliða heimsókn umboðsmanns í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra heimsótti umboðsmaður einnig geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri. Í báðum heimsóknum mátti merkja ákveðið úrræðaleyfi um vistun einstaklinga sem lenda í höndum lögreglu vegna geðræns ástands, sem í sumum tilvikum stafaði af neyslu vímuefna. Af þessu tilefni er í skýrslunni vísað til umfjöllunar í ársskýrslu umboðsmanns um þörf á aukinni samvinnu refsivörslu-, fullnustu- og heilbrigðiskerfisins þannig að einstaklingar í þessari stöðu fái heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í ljósi þessa er tilmælum beint til lögreglunnar um að efla samvinnu við geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri og jafnframt fylgja eftir áformum um gerð verklags í tengslum við lögbundin verkefni á sviði löggæslu og heilbrigðisþjónustu sem hafi snertifleti við báðar stofnanir. Því var einnig beint til lögreglustjórans að kynna sér uppfærða skráningarmöguleika í LÖKE um frávík á borð við sjálfsskaðandi hegðun í fangageymslu og gæta þess að skráning þar um sé í réttu horfi.
- Á stjórnvöldum getur hvílt sú skylda að hafa frumkvæði að því að veita borgurunum leiðbeiningar og þá m.a. um kæruleiðir innan stjórnkerfisins. Í því sambandi eru tilmæli sett fram til lögreglustjórans um að tryggja að upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir séu kynntar kerfisbundið fyrir vistmönnum í fangageymslu og að starfsfólki sé kynnt hvernig gæta beri að þessum réttindum. Skráning í vistunarskýrslur var að jafnaði góð, utan þeirra skráninga sem vantaði um vistanir gæsluvarðhaldsfanga, en nokkur dæmi voru um að lengra liði milli skráninga um eftirlit en verklagsreglur mæltu fyrir um. Því var þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að gæta að nákvæmni við skráningar um hvenær handteknum einstaklingi er sinnt.
- Umboðsmaður mun áfram fylgjast með þróun þessara mála en óskar eftir því að lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra og önnur stjórnvöld sem tilmælum eða ábendingum er beint til geri grein fyrir viðbrögðum sínum í tilefni af skýrslunni fyrir 1. júlí 2023.

## 3 Almennar upplýsingar

Aðalstöð lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er á Akureyri en í umdæmi lögreglustjórans eru 11 sveitarfélög auk þess sem fjórar lögreglustöðvar eru staðsettar utan Akureyrar, þ.e. á Húsavík, Siglufirði, Dalvík og Þórshöfn. Umdæmið er eitt það stærsta á Íslandi og þekur um 23.300 ferkílómetra landsins og 1. janúar 2022 var íbúafjöldi þess 31.161.<sup>1</sup>

Handteknir menn í umdæmi lögreglustjórans eru að jafnaði vistaðir á lögreglustöðinni að Þórunnarstræti á Akureyri. Á það almennt við um þá sem ekki er haldið umfram 24 klukkustundir en í heimsókn umboðsmanns kom þó einnig fram að gæsluvarðhaldsfangar kynnu að vera vistaðir þar á meðan þeir biðu flutnings í Fangelsið Hólmsheiði.<sup>2</sup>

Lögreglustöðin á Akureyri var tekin í notkun árið 1968 og í kjallara hússins eru átta einmennings fangaklefar. Fram til ársins 2020 var Fangelsið á Akureyri einnig rekið í aðskildri einingu í sömu byggingu en það var lagt niður sumarið 2020.

Á einu ári, frá 5. maí 2021 til og með 4. maí 2022, voru 480 handteknir hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi Eystra. Þar af voru 299 vistaðir í fangageymslu.

<sup>1</sup> Sjá nánar á heimasíðu lögreglu, <https://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/nordurland-eystra/> [sótt á vef 15. desember 2022] og sjá 5. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 1150/2014, um umdæmi lögreglustjóra. Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að að loknum gæsluvarðhaldsúrskurði telji LNE að fangar séu á ábyrgð Fangelsismálastofnunar. Þeir séu svo fluttir í Fangelsið Hólmsheiði eins fljótt og verða má. Nánar verður vikið að gæsluvarðhaldsvistunum í 7. kafla.

<sup>2</sup>

# 4 Inngríp, þvinganir og valdbeiting

## 4.1

### Almennt

Við OPCAT-eftirlitið er sjónum sérstaklega beint að því hvort í einhverjum tilvikum séu viðhafðar þær athafnir eða aðgerðir gagnvart frelsissviptum mönnum sem feli í sér pyndingar eða aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Vísast í því sambandi nánar til ítarlegrar umfjöllunar um lagagrundvöll inngrípa, þvingana og valdbeitingar í skýrslu vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu.<sup>3</sup>

## 4.2

### Þvinganir og valdbeiting

Af viðtölum við starfsmenn og fyrirliggjandi gögnum má ráða að almennt komi ekki til notkunar valdbeitingartækja í fangageymslum og að handjárn séu fjarlægð áður en hinn handtekni er færður í fangaklefa. Í ákveðnum tilvikum kann lögregla að telja nauðsynlegt að beita þvingunum við blóðsýnatökur en engin slík tilvik voru skráð á því árstímabili sem var til skoðunar.<sup>4</sup> Þá eru ákvæði um öryggisleit í verklagsreglum en í gögnum kom fram að slík leit kynni í undantekningartilvikum að fara fram með valdi. Samkvæmt verklagsreglum skal ávallt leitast við að tveir lögreglumenn af sama kyni og hinn handtekni framkvæmi öryggisleit. Í heimsókn umboðsmanns kom fram að sjaldgæft sé að handteknum einstaklingum sé gert að berháttu sig vegna leitar.

Umboðsmaður hefur í ljósi grundvallarréttar manna til friðhelgi einkalífs lagt áherslu á að einstaklingsbundið mat verði ávallt að fara fram á nauðsyn einstakra ákvarðana sem fela í sér inngríp á borð við líkamsleit og haldlagningu muna.<sup>5</sup>

<sup>3</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15-17. apríl 2019, bls. 19-32. Birt á vefslóð:

[https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 15. desember 2022]

<sup>4</sup> Blóðsýnatökur eru framkvæmdar af heilbrigðisstarfsmanni.

<sup>5</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15-17. apríl 2019, bls. 46. Birt á vefslóð:

[https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 15. desember 2022]. Sjá einnig skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021, bls. 13. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 15. desember 2022].

## 4.3

**Myndvöktun**

Í fyrri skýrslum vegna heimsókna umboðsmanns í fangageymslur lögreglu hefur verið vikið að þeim sjónarmiðum sem búa að baki myndvöktun í fangageymslum, m.a. um að vöktun geti tryggt öryggi, dregið úr ómannlegri eða vanvirðandi meðferð í garð þeirra sem eru í haldi lögreglu og varið lögreglumenn fyrir óréttmætum ásökunum.<sup>6</sup>

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að allir fangaklefar lögreglustöðvarinnar séu búnir eftirlitsmyndavélum. Með myndvöktun er viðhaft rafrænt eftirlit með þeim sem vistast í fangaklefa lögreglu og samhliða því er myndefni vistað. Að vistun lokinni er myndefni varðveitt í 30 daga sem aðalvarðstjóri getur samkvæmt upplýsingum úr heimsókninni ákveðið að varðveita vegna rannsóknarhagsmuna.

Myndvöktun í fangaklefum lögreglustöðvarinnar er almenn og sæta vistaðir menn því ávallt slíku eftirliti í fangaklefum. Þannig er ekki lagt mat á nauðsyn myndvöktunar hverju sinni.<sup>7</sup> Skjáir tengdir myndavélum í fangaklefum eru staðsettir í sérherbergi á varðstofu þar sem lögreglumaður sem sinnir fangavörslu hefur aðstöðu. Glerskilrúm skilur vöktunarherbergið frá varðstofu og samkvæmt upplýsingum sem fram komu í heimsókninni er að staðan einungis ætluð þeim sem sinna myndvöktun. Af aðstæðum að dæma er hins vegar ekki útilokað að aðrir sem eiga leið um varðstofu sjái á myndavélar.<sup>8</sup>

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra fer myndvöktun í fangaklefum almennt fram á grundvelli heimildar í lögum um meðferð sakamála þar sem segir að við handtöku skuli forðast að valda hinum handtekna tjóni eða baka meiri óþægindi en nauðsyn ber til. Þess beri jafnframt að gæta eftir föngum að hann geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.<sup>9</sup> Ekki er sérstaklega vikið að myndvöktun í fangaklefa í reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna.<sup>10</sup>

Við rafræna vöktun í fangaklefa og geymslu myndefnis fer fram vinnsla og meðferð persónuupplýsinga sem fer að lögum um persónuvernd og vinnslu

<sup>6</sup> *Video recording in police custody. Addressing risk factors to prevent torture and ill-treatment.* Association for the Prevention of Torture (APT) og Penal Reform International, 2015, bls. 1. Birt á vefslóð: [https://www.aprt.ch/sites/default/files/publications/factsheet-2\\_using-cctv-en\\_0.pdf](https://www.aprt.ch/sites/default/files/publications/factsheet-2_using-cctv-en_0.pdf) [sótt á vef 15. desember 2022]. Sjá einnig skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsókna í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15-17. apríl 2019, bls. 41-43. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 15. desember 2022] og skýrslu umboðsmanns vegna heimsókna í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20-21. janúar og 13-14. febrúar 2021, bls. 13. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [15. desember 2022].

<sup>7</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að það geti skapað meiri tortryggni ef lögregla velur hvenær á að notast við myndvöktun og hvenær ekki. Notast sé við hana vegna verndarhagsmuna vistaðra og hún eigi ekki sist að tryggja að meðferð fanga sé í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar. Þá geti myndvöktun varpað ljósi á atvik við vistun handtekinna og sé mikilvægt öryggistæki fyrir þá.

<sup>8</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, er tekið fram að einungis lögregla hafi aðgang að varðstofu.

<sup>9</sup> Sjá 2. mgr. 93. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

<sup>10</sup> Sjá reglugerð nr. 657/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

persónuupplýsinga eða eftir atvikum að lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Samkvæmt almennum reglum persónuverndarlaga er vinnsla persónuupplýsinga m.a. heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu ábyrgðaraðila og til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.<sup>11</sup> Auk þess verður vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast meginreglum persónuverndarlaga um að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.<sup>12</sup> Í lögunum er jafnframt að finna heimildir til vinnslu og meðferðar viðkvæmra persónuupplýsinga sem kunna m.a. að koma til álita þegar sá sem vistast í fangaklefa er í vímuástandi.<sup>13</sup> Auk þessa er rafræn vöktun ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og fari að reglum Persónuverndar um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Í reglum Persónuverndar er m.a. mælt fyrir um að forðast beri óþarfa íhlutun í einkalíf manna og að ganga verði úr skugga um hvort markmiði með vöktun megi ná með öðrum og vægari raunhæfum úr-ræðum.<sup>14</sup> Reglurnar eru settar með stoð í hinni almennu persónuverndarlöggjöf og eiga því ekki við um tilvik sem falla undir lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Ekki sist ber að huga að varðveislu og öryggi þeirra gagna sem verða til við myndvöktun, sérstaklega í ljósi þess að þau kunna að innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.<sup>15</sup>

Sem fyrr segir verður ráðið að myndvöktun sé ávallt viðhöfð þegar einstaklingar vistast í fangaklefum lögreglustöðvarinnar á Akureyri. Umboðsmaður hefur gert athugasemdir við stöðuga myndvöktun í fangaklefum í heim-sóknarskýrslum sínum og sett fram tilmæli um að meta þurfi í hverju tilviki hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann eða gæsluvarðhaldsfanga sæta vöktun í ljósi grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs og tengslum hennar við meðalhófsregluna.<sup>16</sup> Því vekur sú framkvæmd sem hér hefur verið lýst upp

<sup>11</sup> Sjá 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sjá einnig 40. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 um að lögreglu sé heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist að því marki sem slík vinnsla teljist nauðsynleg vegna starfsemi og hlutverks hennar samkvæmt lögunum. Þá fari um vinnslu persónuupplýsinga eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

<sup>12</sup> Sjá 1.-6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

<sup>13</sup> Sjá heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í 11. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sjá einkum skilyrði í 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar um að vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt og einnig 6. tölul. um að vinnslan sé nauðsynleg til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.

<sup>14</sup> Sjá 14. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og 4. og 5. gr. reglna Persónuverndar nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

<sup>15</sup> Sjá m.a. 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 837/2006.

<sup>16</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021, bls. 13. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 15. desember 2022].

spurningar um hvort ástæða sé til að skýra verklag við myndvöktun í fangaklefum, s.s. með verklagsreglum.<sup>17</sup>

Nefna má í þessu sambandi að í norskum og dönskum stjórnvaldsfyrirmælum er mælt fyrir um tiltekin skilyrði fyrir því að vöktunarbúnaður í fangageymslum lögreglu sé notaður.<sup>18</sup> Jafnframt hafa álitafni um myndvöktun í fangaklefum komið til umfjöllunar umboðs norska þjóðþingsins (n. *Sivilombudet*) þar sem m.a. voru gerðar athugasemdir við að myndvöktun í fangaklefum lögreglu hafi farið fram án mats á því hvort skilyrði stjórnvaldsfyrirmæla væru fyrir hendi.<sup>19</sup>

Umboðsmaður hefur skilning á þeim öryggis- og verndarhagsmunum sem myndvöktun í fangaklefum kann að þjóna og að myndupptökur geti varpað ljósi á atvik við vistun t.d. vegna kvörtunar- eða kærumála.<sup>20</sup> Við slíka vöktun þarf að halda framangreindum sjónarmiðum til haga, um að hún fari fram í samræmi við skilyrði laga og reglna og að teknu tilliti til grundvallarreglna um meðalhóf og friðhelgi einkalífs. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að myndvöktun sem fer fram á meðan einstaklingi er gert að afklæðast vegna líkamsleitar, myndavél er beint að hreinlætisaðstöðu eða myndvöktun varir lengi, t.a.m. við gæsluvarðhaldsvistun, getur gengið nærri einkalífsrétti manna, sé henni beitt umfram nauðsyn.

Samkvæmt verklagsreglum ber umsjónarmaður fangageymslu ábyrgð á að tilkynna hinum handtekna um myndeftirlit og -upptöku við upphaf vistunar. Í klefum er ekki að finna merkingar um myndvöktun. Með tilliti til þess að margir handteknir einstaklingar eru í annarlegu ástandi við innkomu, s.s. vegna vímu eða andlegs ástands, má ætla að þeir kunni að vera ómeðvitaðir um myndvöktun inni á klefum, séu þar engar merkingar. Í samræmi við meginreglur persónuverndarlöggjafar, þ. á m. sanngirni við vinnslu persónuupplýsinga, skal ábyrgðaraðili almennt tryggja að hinn skráði sé upplýstur um vinnslu persónuupplýsinga um sig, enda standi lögmaetir hagsmunir, s.s. rannsóknarhagsmunir, því ekki í vegi.

<sup>17</sup> Sjá t.a.m. verklagsreglur sem settar hafa verið um notkun bókmyndavéla (Bodycam) hjá lögreglustjóranum á Höfuðborgarsvæðinu .

<sup>18</sup> Sjá norsk stjórnvaldsfyrirmæli um lögregluvarðhald, *Forskrift om bruk av politiarrest* nr. 749 frá 30. júní 2006, gr. 2-1. Birt á vefslóð: <https://lovdata.no/dokument/SF/forskrift/2006-06-30-749> [sótt á vef 15. desember 2022] og dönsk stjórnvaldsfyrirmæli um lögregluvarðhald, *Bekendtgørelse om detentionsanbringelse* nr. 988 frá 6. október 2004, 14. gr.

<sup>19</sup> Sjá Kameraovervåking og tilsyn med arrestanter i sentralarresten ved Oslo politidistrikt frá 29. maí 2013 2011/1355, birt á vefslóð: <https://www.sivilombudet.no/uttalelser/kameraovervaking-og-tilsyn-med-arrestanter-i-sentralarresten-ved-oslo-politidistrikt/> [sótt á vef 15. desember 2022].

<sup>20</sup> Sjá ábendingar um að fjölga klefum sem búnir eru myndavélum í þágu þess að auka öryggi í 7.4. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15-17. apríl 2019, bls. 46. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 15. desember 2022].



Með vísan til ofangreindrar umfjöllunar er þeim **tilmælum** beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að:

- Endurskoða framkvæmd myndvöktunar þannig að metið sé í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að láta handtekinn mann eða gæsluvarðhaldsfanga sæta stöðugri myndvöktun. Taka verður tillit til aðstæðna hverju sinni.
- Tryggja þarf að handteknir einstaklingar sem vistast í klefum með myndvöktun í eftirlits- eða öryggisskyni séu upplýstir þar um með fullnægjandi hætti, s.s. með merkingum inni á klefum.

Með vísan til ofangreindrar umfjöllunar er þeirri **ábendingu** beint til rikislög-reglustjóra að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að gera tillögur að almennum fyrir mælum að verklagi við myndvöktun í fangaklefum.

# 5 Aðbúnaður í fangageymslum

## 5.1 Aðbúnaður í fangageymslu á Akureyri

### 5.1.1 Almenn

Meðal þess sem athuganir umboðsmanns Alþingis beinast að við OPCAT-eftirlit er aðbúnaður á þeim stöðum þar sem frelsissviptir dvelja og hvort sú aðstaða er í samræmi við lög, reglur og viðmið um mannúð og mannvirðingu.<sup>21</sup> Viðunandi aðbúnaður er mikilvægur þáttur í mannúðlegri meðferð frelsissviptra einstaklinga.

Í lögreglulögum og reglugerðum settum með stoð í þeim er ekki að finna tiltekinn áskilnað um efnislegan aðbúnað í fangageymslum.<sup>22</sup> Slæmur aðbúnaður í varðhaldi getur í ákveðnum tilvikum falið í sér brot á 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í því sambandi getur m.a. framboð á mat og drykk, persónulegt rými og hreinlæti vakið upp álitaeftni, svo og tímalengd vistunar við bágan aðbúnað.<sup>23</sup>

CPT-nefndin hefur m.a. bent á að ekki verði gerðar sömu kröfur til aðbúnaðar í fangageymslum vegna vistunar til skamms tíma og vegna vistunar sem varir í lengri tíma.<sup>24</sup>

### 5.1.2 Húsnæði

Fram til ársins 2020 var Fangelsið á Akureyri rekið í sömu húsakynnum og lögreglustöðin, þó í aðskildri einingu. Á meðan heimsókn umboðsmanns stóð yfir var unnið að endurbótum á lögreglustöðinni á Akureyri við að sameina húsnæði hennar og það sem áður tilheyrði fangelsinu.

<sup>21</sup> Þetta leiðir af 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

<sup>22</sup> Í þessu sambandi má nefna að í norskum stjórnvaldsfyrirmælum um lögregluvarðhald er að finna áskilnað um efnislegan aðbúnað í fangageymslum lögreglu, þ. á m. um rúmbúnað, hreinlætisaðstöðu og möguleika á því að komast undir bert loft. Sjá *Forskrift om bruk af politiarrest*, nr. 749 frá 30. júní 2006, gr. 2-6 til 2-8. Birt á vefslóð: <https://lovdata.no/dokument/SF/forskrift/2006-06-30-749> [sótt á vef 16. desember 2022]. Hér er þó rétt að nefna að handteknir einstaklingar í Noregi geta samkvæmt lögum vistast í fangageymslum í tvo sólarhringa vegna gruns um refsiverða háttsemi og dæmi eru um að þeir vistist þar enn lengur, sjá í því sambandi skýrslu umboðs norska þjóðþingsins um heimsókn í fangageymslu lögreglu í Bergen (n. *Bergen sentralarrest*) frá 25. janúar 2016, bls. 13-15. Birt á vefslóð: <https://www.sivilombudsmannen.no/wp-content/uploads/2016/06/Bergen-sentralarrest-bes%C3%B8ksrapport-2016.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>23</sup> Sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE, *Ciorap gegen Moldóvu*, í máli nr. 12066/02, 19. júní 2007, málsgr. 70.

<sup>24</sup> Sjá *Police custody*. Extract from the 2nd General Report of the CPT, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsgr. 42. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 16. desember 2022].

Af viðtölum við starfsmenn má ráða að frá sameiningu lögregluembætta hafi húsakostur verið þröngur. Með sameiningu húsnæðis lögreglustöðvarinnar og þess sem áður tilheyrði Fangelsinu á Akureyri stækkar rými sem nýta má undir starfsemina. Þá verður myndvöktun færð nær fangaklefum og aðstaða til skýrslutöku, sem staðsett hefur verið í gámi fyrir utan lögreglustöðina, verður færð inn í húsnæði lögreglustöðvarinnar.<sup>25</sup>

### 5.1.3

#### Klefar

Í fangageymslunni eru átta einstaklingsklefar. Í sex af átta klefum er steypdur bekkur, dýna og klefahurð úr stáli.<sup>26</sup> Einn klefi er gluggalaus en hann hefur að sögn ekki verið notaður um langt skeið. Tveir klefar eru á öðrum gangi og með síður rammgerðu yfirbragði.<sup>27</sup> Þeir eru stærri og búnir trébekk, viðarhurð og þykkari dýnu en hinir klefarnir. Í heimsókn umboðsmanns var ekki annað að sjá en að klefum væri haldið snyrtilegum.

#### Mynd 1

Dæmigerður fangaklefi



<sup>25</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að aðeins sé notast við skýrslutökuaðstöðu í gámi utanhúss meðan framkvæmdir standi yfir við lögreglustöðina. Stefnt sé að því að taka ný skýrslutökurými til notkunar innanhúss á allra næstu vikum.

<sup>26</sup> Sjá mynd 1.

<sup>27</sup> Sjá mynd 2.

**Mynd 2**

Annar tveggja stærri fangaklefa



Í viðmiðum fjölþjóðlegra eftirlitsaðila hefur verið mælt til þess að ákveðnar grunnkröfur séu uppfylltar varðandi aðbúnað í fangaklefum lögreglu. Í því sambandi er einkum vísað til umfjöllunar þess efnis í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu á Hverfisgötu.<sup>28</sup> Hvað aðbúnað í fangageymslu lögreglunnar á Akureyri varðar vöktu eftirfarandi atriði einkum athygli í heimsókn umboðsmanns:

- Engin klukka er í fangaklefum.<sup>29</sup>
- Aðeins er hægt að stýra lýsingu í klefum utan frá.
- Bjöllur eru staðsettar fremur hátt upp við dyr klefa.
- Kalt getur orðið í klefum.<sup>30</sup>
- Loftgæði eru ekki góð, sér í lagi þegar margir eru vistaðir samtímis.
- Hljóðbært er í fangageymslum.
- Oddhvassir snagar eru á klefagöngum.<sup>31</sup>

<sup>28</sup> Sjá 8.1. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 48-49. Birt á vefslóð:

[https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>29</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að það sé til skoðunar að setja upp klukkur á fangagang þannig að vistmenn geti séð hvað tímanum líður líti þeir út um lúguna á klefahurðinni.

<sup>30</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að fyrirhugað sé að setja fyriræli inn í verkagsreglur um að skoða hitamæla í hvert sinn sem fangi er vistaður í fangageymslu til að tryggja að hitinn sé viðunandi.

<sup>31</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að búið sé að skipta út oddhvössu snögunum fyrir kúlulaga snaga.

Í tengslum við vistun handtekinna manna í fangageymslu er eftirfarandi **tilmælum** komið á framfæri við lögreglustjórnann á Norðurlandi eystra:

- Gera þarf handteknunum mönnum kleift að sjá hvað tímanum líður meðan þeir dvelja í fangaklefum, m.a. svo þeim sé unnt að gæta að réttindum sínum í tengslum við lengd vistunar.
- Að leitað verði leiða til að gera handteknunum einstaklingum kleift að stýra lýsingu inni í klefum í fangageymslunni, óháð því hvort einnig verði hægt að stýra þeim að utan eins og nú er, þ.m.t. í öryggisskyni.
- Taka þarf staðsetningu hjallna í klefum til skoðunar m.t.t. þess hvort hægt sé að gera þær aðgengilegri vegna sérþarfa fólks með hreyfihamlanir og mismunandi ástands vistaðra, s.s. vegna ölvunar eða annars vímuástands.
- Með tilliti til öryggis er rétt að fjarlægja eða skipta út oddhvössum snögum af fangagangi.

Þeirri **áþendingu** er jafnframt beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að taka eftirfarandi atriði til skoðunar í tengslum við aðbúnað:

- Hvort bæta megi aðbúnað í því skyni að sporna gegn kulda í klefum, bæta loftgæði og takmarka hljóðbærni á milli klefa.

#### 5.1.4

#### Hreinlætisaðstaða

Salerni eru utan við klefana hvort á sínum ganginum.<sup>32</sup> Aðstaðan er hreinleg en ekki útbúin sérstaklega með tilliti til öryggis. Hvorugt salermanna er búið öryggisvaski eða öryggisklósetti, þ.e. óbrjótanlegu (s.s. úr stáli) og brjótanlegur spegill er á öðru þeirra. Sturtuadstaða er með utánaliggjandi blöndunartækjum og handsturtuhaus.<sup>33</sup>

Þeirri **áþendingu** er beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að taka til skoðunar hvort þörf sé á að útbúa a.m.k. eina hreinlætisaðstöðu með tilliti til öryggis, s.s. þannig að skipt sé út salerni, vaski og sturtu og komið fyrir stálvaski og öryggissalerni sem og sturtu með innbyggðum blöndunartækjum.

<sup>32</sup>

Sjá mynd 3.

<sup>33</sup>

Sjá mynd 4.

**Mynd 3 og 4**

Salerni við dæmigerða fangaklefa

Sturta við dæmigerða fangaklefa



Í heimsókn umboðsmanns og af gögnum kom fram að vistaðir kynnu að kasta vatni í niðurfall í fangaklefa. Ýmist kysu menn að gera svo eða að þeim væri ekki hleypt úr klefa, t.d. vegna ofbeldishegðunar. Í þessu sambandi er vakin athygli á viðmiðum CPT-nefndarinnar um að annaðhvort eigi að vera salerni inni á klefum eða aðgangur að salerni á öllum tímum sólarhrings án tafa.<sup>34</sup>

**5.2**

**Aðbúnaður í fangageymslu á Siglufirði**

Á lögreglustöðinni á Siglufirði eru einnig fangaklefar. Í klefum er bekkur með þunnri dýnu, glugga og bjöllu. Fangageymslan er búin hreinlætisaðstöðu með salerni og sturtu en aðstaðan er þó ekki sérútbúin með tilliti til öryggis.<sup>35</sup> Samkvæmt verklagsreglum eiga handteknir menn að vistast í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Akureyri og eru fangaklefarir á Siglufirði því aðeins notaðir í undantekningartilvikum og þá í mjög skamman tíma. Því er ekki talin ástæða til að gera athugasemdir við aðbúnað fangageymslunnar að svo stöddu.

<sup>34</sup> Sjá 8.2.3. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 54-55. Birt á vefslóð:

[https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>35</sup> Sbr. umfjöllun í kafla 5.1.4.

# 6 Vistun handtekinna barna

## 6.1

### Almennt

Um lagareglur og alþjóðleg viðmið í tengslum við vistun handtekinna barna er nánar vísað til heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis á lögreglustöðina á Hverfisgötu.<sup>36</sup> Börn eru sakhæf eftir að 15 ára aldri er náð.<sup>37</sup> Fram að 18 ára aldri eru þau þó enn börn í lagalegum skilningi.<sup>38</sup> Réttindi barna njóta sérstakrar verndar í lögum og alþjóðasamningum.<sup>39</sup> Eins og kemur fram í nýútgefinni skýrslu umboðs norska þjóðþingsins (n. *Sivilombudet*) er sérstaða barna að þessu leyti m.a. sú að börn eiga á hættu að verða fyrir meiri skaða af frelsissviptingu en fullorðnir auk þess sem einangrun við innlokun getur staðið í vegi fyrir eðlilegum þroska þeirra.<sup>40</sup>

## 6.2

### Barnvænn aðbúnaður

Í viðmiðum Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum kemur fram að forðast beri að vista börn eða ungmenni (e. *juveniles*) í hefðbundnum fangaklefum. Öðru fremur beri að leitast við að þau séu vistuð í umhverfi sem hæfi aldri þeirra og þroska.<sup>41</sup> Í því getur falist að leitað sé leiða til að börn vistist almennt ekki í fangageymslum lögreglu heldur í barnvænni úrræðum. Ef hins vegar er nauðsynlegt að vista börn í fangageymslum ættu klefar þeirra að vera útbúnir með ákveðnum hætti, s.s. stærri og með annars konar aðbúnaði. Sem dæmi má nefna

<sup>36</sup> Sjá 11. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15-17. apríl 2019, bls. 71-73. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>37</sup> Það leiðir af 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

<sup>38</sup> Sbr. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

<sup>39</sup> Sjá til hliðsjónar lög nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Birt á vefslóð: <https://www.althingi.is/lagas/152c/2013019.html> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>40</sup> Sjá *Sivilombudet: Barn i arrest, Besøk til Oslo politidistrikt og begrenset undersøkelse av landets politidistrikter 11.-12. mai 2021*, bls. 13. Birt á vefslóð: <https://www.sivilombudet.no/wp-content/uploads/2021/12/Besoksrapport-2021-Sivilombudets-besok-til-Oslo-politidistrikt.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>41</sup> *Juveniles deprived of their liberty under criminal legislation. Extract from the 24th General Report of the CPT, published in 2015, CPT/Inf(2015)1-part rev1, málsgr. 98-99.* Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806ccb96> [sótt á vef 16. desember 2022]. Sjá einnig tölul. 3.1. í fyrirætlum ríkissaksóknara um meðferð mála gegn börnum yngri en 15 ára, RS 9/2009 frá 5. september 2009.

hlýlegri svefnaðstöðu með rúmfatnaði, hefðbundinni hurð, hreinlætisaðstöðu inni á klefa, sjónvarpi o.fl.<sup>42</sup>

Þar sem úrræði á borð við Neyðarvistun Stuðla, meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga, er ekki starfrækt á Akureyri eru handtekin börn vistuð í fanga-geymslu lögreglustöðvarinnar. Af gögnum sem umboðsmanni bárust í tilefni OPCAT-heimsóknar má ráða að það sé almennt verklag að vista börn í rúmbetri klefunum.<sup>43</sup>

Samkvæmt viðtölum við starfsmenn er þröskuldur hærrí fyrir handtöku barna. Af gögnum verður ráðið að sex börn á aldrinum 16 til 18 ára hafi verið handtekin og vistuð hjá lögreglu á eins árs tímabili, frá 5. maí 2021 til 4. maí 2022. Ekkert barn undir 15 ára aldri var vistað í haldi lögreglu á umræddu tímabili en í heimsókn umboðsmanns kom fram að vistanir svo ungra barna þar væru ekki algengar.

Af gögnum má ráða að ungmenni hafi í þremur tilvikum af sex verið vistuð í hefðbundnum fangaklefa. Skriflegar skýringar um ástæður þess að þau voru ekki vistuð í klefum sem fremur eru ætlaðir börnum var ekki að finna í vistunarskýrslum en af viðtölum mátti ráða að nota þyrfti aðra klefa þegar margir vistast samtímis eða vegna ástands hins vistaða.<sup>44</sup>

Af viðtölum við starfsmenn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra mátti skilja að við afskipti og handtöku barna væri gætt að því að fara varlega og tekið væri tillit til sérstöðu þeirra. Í ljósi þess að lögregla getur ekki fært börn í annað úrræði er mikilvægt að aðbúnaður lögreglustöðvarinnar bjóði upp á viðunandi aðstöðu til vistunar barna.

*Þeim tilmælum er beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að gæta þess að verklag við vistun barna taki mið af þeim sérstöku sjónarmiðum sem eiga um þau, m.a. þegar kemur að vali á vistunarklefum.*

*Þeirri ábendingu er jafnframt beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, eftir atvikum með atbeina dómsmálaráðherra að taka til skoðunar og meta hvort*

42

Sjá svör norska dómsmálaráðuneytisins vegna heimsóknar umboðs norska þjóðþingsins í fanga-geymslur lögregluumdæmisins í Oslo: *Sivilombudets besøk til Oslo politidistrikt 11052021-12052021 – besøksrapport*, 11. mars 2022, 3. tölul. bls. 2-3. Birt á vefslóð: <https://www.sivilombudet.no/wp-content/uploads/2022/05/Orientering-fra-Justis-og-beredskapsdepartementet-om-nasjonale-tiltak-11.03.22.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022]. Sjá til hliðsjónar fyrirspurn umboðs norska þjóðþingsins til norska dómsmálaráðuneytisins: *Sivilombudets funn om barn i politiarrest - behov for nasjonale tiltak*, 14. desember 2021, bls. 4-5. Birt á vefslóð: <https://www.sivilombudet.no/wp-content/uploads/2021/12/Sivilombudets-funn-om-barn-i-politiarrest-behov-for-nasjonale-tiltak.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

43

Sjá mynd 2.

44

Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að verklagsreglum embættisins um fangavörslu hafi verið breytt á þá leið að stærrí klefarnir skuli notaðir þegar börn séu vistuð, líkt og venja hafi verið. Þá skuli börnin jafnframt hafa aðgengi að rúmfatnaði verði ekki talið líklegt að þau skaði sig á honum.



*aðbúnaður á lögreglustöðinni á Akureyri sé viðunandi með tilliti til vistunar barna og ungmenna og þeirra sérsjónarmiða sem eiga þar við.*

### 6.3

#### Upplýsingagjöf

Í skýrslum umboðsmanns vegna heimsóknna í fangageymslur lögreglu á Hverfisgötu og Suðurnesjum hefur verið vakin athygli á að ekki hefur verið gefið út sérstakt upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslum líkt og mælst er til í fjölþjóðlegum viðmiðum.<sup>45</sup> Samkvæmt upplýsingum úr heimsókn umboðsmanns hefur upplýsingablaðið enn ekki verið útbúið.<sup>46</sup>

*Þeim tilmælum er jafnframt beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að útbúið verði, eftir atvikum með atbeina ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytisins, sérstakt upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslu, á skýru og einföldu máli sem hæfir aldri þeirra og þroska, og þeim eftir atvikum veittar samhliða skýringar munnlega.*

<sup>45</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 74. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022]. Sjá einnig skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021, bls. 28. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>46</sup> Samkvæmt athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, hefur embættið komið því á framfæri við ríkislögreglustjóra að útbúa samræmt upplýsingablað fyrir börn sem vistast í fangageymslum, á skýru og einföldu máli sem hæfi aldri þeirra og þroska.

# 7 Gæsluvarðhaldsvistun

## 7.1

### Almennt

Að meginstefnu til vistast gæsluvarðhaldsfangar í Fangelsinu Hólmsheiði, sem er helsta gæsluvarðhalds- og móttökufangelsið hér á landi.<sup>47</sup> Þó er heimilt, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fanga-geymslum lögreglu. Slik vistun skal þó ekki standa yfir lengur en í fjóra sólarhringa nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.<sup>48</sup> Við mat á aðbúnaði og meðferð gæsluvarðhaldsfanga ber að hafa í huga að slik vistun getur haft alvarleg áhrif á andlega heilsu þess sem henni sætir.<sup>49</sup> Samkvæmt lögum njóta gæsluvarðhaldsfangar ákveðinna réttinda sem aðeins verða takmörkuð ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar.<sup>50</sup> Þá verður fangi í gæslu aðeins látinn sæta einangrun með úrskurði dómara.<sup>51</sup> Um lagalega umgjörð gæsluvarðhalds, mannréttindareglur og fjölþjóðleg viðmið vísast að öðru leyti til skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði.<sup>52</sup>

Þar til í janúar 2020 voru gæsluvarðhaldsfangar vistaðir í sérútbúnum gæsluvarðhaldsklefa í Fangelsinu á Akureyri. Þar höfðu þeir m.a. aðgang að eigin hreinlætisaðstöðu auk útisvæðis sem tilheyrði fangelsinu. Notkun klefans var síðar hætt vegna athugasemda CPT-nefndarinnar um að aðbúnaður í honum væri óviðunandi þar sem hann væri án glugga og dagsljóss.<sup>53</sup> Þar sem klefinn

<sup>47</sup> Sjá upplýsingar á vefsíðu Fangelsismálastofnunar: <https://www.fangelsi.is/fangelsin/holmsheidi/> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>48</sup> Sjá 1. og 4. mgr. 17. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

<sup>49</sup> Sjá *Remand detention. Extract from the 26th General Report of the CPT, birt árið 2017*. CPT/Inf(2017)5-part, málsg. 52. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/168070d0c8> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>50</sup> Sjá a. – f. lið 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um fyriræli þess efnis að gæsluvarðhaldsfangar eigi rétt á heimsóknum, megi nota síma og önnur fjarskipatæki og senda og taka við bréfum eða skjölum. Einnig að lesa dagblöð og bækur og fylgjast með hljóðvarpi og sjónvarpi.

<sup>51</sup> Sjá 2. mgr. 98. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Sjá einnig sem segir í 44. gr. Nelson Mandela-reglanna. “For the purpose of these rules, solitary confinement shall refer to the confinement of prisoners for 22 hours or more a day without meaningful human contact”. *United Nations Standard Minimum Rules for the Treatment of Prisoners* (Nelson Mandela-reglurnar). Birt á vefslóð [https://www.unodc.org/documents/justice-and-prison-reform/Nelson\\_Mandela\\_Rules-E-ebook.pdf](https://www.unodc.org/documents/justice-and-prison-reform/Nelson_Mandela_Rules-E-ebook.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>52</sup> Sjá 5. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í Fangelsið Hólmsheiði 13.-15. janúar 2020, bls. 14-18. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10099/opcat-holmsheidi-skyrsla.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>53</sup> Sjá skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Íslands 17.-24. maí 2019, CPT/Inf(2020)4, málsg. 29. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16809a3ee3> [sótt á vef 16. desember 2022].

hefur nú verið rifinn og fangelsinu lokað er nú ekkert gæsluvarðhaldsúrræði í umdæmi lögreglustjórnans.<sup>54</sup>

## 7.2

### Gagnaöflun um fjölda og tímalengd gæsluvarðhaldsvistana

Í heimsókn umboðsmanns komu fram upplýsingar um að dæmi væru um að gæsluvarðhaldsfangar væru vistaðir í fangageymslum lögreglu á Akureyri þegar tafir yrðu á flutningi í fangelsi. Þar sem þau gögn sem bárust umboðsmanni frá lögreglustjórnunum á Norðurlandi eystra í tengslum við heimsóknina höfðu ekki að geyma nákvæmar upplýsingar um fjölda og lengd gæsluvarðhaldsvistana var óskað eftir nánari gögnum þar um frá lögreglustjórnunum og síðar Fangelsismálastofnun.

Í svörum lögreglu kom fram að gæsluvarðhaldsfangar væru almennt ekki vistaðir á lögreglustöðinni á Akureyri nema í mesta lagi í nokkrar klukkustundir í senn eða á meðan flutningi í fangelsi væri komið í kring. Jafnframt kom fram að afla mætti nánari upplýsinga um fjölda og lengd vistana hjá Fangelsismálastofnun sem bæri ábyrgð á gæsluvarðhaldsföngum. Í svörum Fangelsismálastofnunar kom fram að gæsluvarðhaldsvistanir á lögreglustöðinni á Akureyri hefðu verið 16 talsins frá 19. september 2020 til 4. október 2022. Þar af hefði gæsluvarðhaldsfangi í sjö tilvikum vistast í einn dag á lögreglustöð, í sex tilvikum í tvo daga og í þremur tilvikum í þrjá daga.

Með athugasemdum við skýrsludrög umboðsmanns bárust nánari upplýsingar um gæsluvarðhald frá lögreglustjórnunum á Norðurlandi eystra, en samkvæmt þeim voru 34 gæsluvarðhaldsúrskurðir gegn 23 einstaklingum kveðnir upp frá upphafi árs 2020 til 1. desember 2022. Af 23 einstaklingum fóru tveir beint í vistun í Fangelsinu á Akureyri og 12 vistuðust innan við sólarhring í fangageymslum lögreglu. Fjórir biðu í allt að 30 stundir eftir flutningi, einn í 42 stundir, einn í 51 stund og einn í 72 stundir. Í tveimur tilvikum liggja ekki fyrir upplýsingar um hvenær gæsluvarðhaldsfangar voru fluttir.

Í skýringum lögreglustjórnans á því að gögnum frá Fangelsismálastofnun og lögreglunni beri ekki fyllilega saman kemur fram að það stafi m.a. af því að viðmiðunartímabilin séu ólík auk þess sem fangelsismálayfirvöld kunni að lesa í fyrirliggjandi gögn með öðrum hætti en lögreglan, s.s. þannig að flutningstími sé talinn með sem hluti af tímalengd vistunar hjá lögreglu. Hér er einnig rétt að nefna, líkt og nánar verður vikið að í kafla 7.2.1, að fyrirliggjandi upplýsingar og gögn og skortur á þeim gefa til kynna að skráningu um vistanir gæsluvarðhaldsfanga á lögreglustöðinni á Akureyri sé ábótavant. Hvað sem því líður er ljóst að dæmi eru um að gæsluvarðhaldsfangar vistist lengur en sólarhring í fangageymslum lögreglu á Akureyri og verður umfjöllun hagað í samræmi við það.

<sup>54</sup>

Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að það sama gildi um allar lögreglustöðvar á landinu enda sé gæsluvarðhald ekki á ábyrgð lögreglustjóra heldur fangelsismálayfirvalda. Samkvæmt því eigi lögreglan ekki að vera með gæsluvarðhaldsklefa í húsnæði sínu.

## 7.2.1

**Mikilvægi fullnægjandi upplýsingagjafar stjórnvalda**

Það er almennt upplifun umboðsmanns og starfsmanna hans að stjórnvöld, þar á meðal lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra, hafi verið samstarfsfús við það eftirlit sem hér um ræðir. Í ljósi ónákvæmra upplýsinga sem umboðsmanni bárust framan af um lengd og fjölda gæsluvarðhaldsvistana frá lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra er óhjákvæmilegt að áréttu hlutverk umboðsmanns við OPCAT-eftirlit og forsendu þess að hann geti rækt það.<sup>55</sup>

Meginmarkmið OPCAT-eftirlitsins er að fyrirbyggja að pyndingar eða önnur grimmileg, ómannleg eða vanvirðandi meðferð eigi sér stað á stöðum þar sem fólk er eða kann að vera frelsissvipt, enda sé varnarleysi þeirra meira en annarra. Þar gegnir samvinna milli eftirlitsaðila og þeirra stofnana eða heimila sem í hlut eiga lykilhutverki. Liður í þessu samstarfi er öflun og veiting upplýsinga um vistanir frelsissviptra, tímalengd þeirra, aðbúnað meðan á vistun stendur, meðferð og fleira.<sup>56</sup> Með lögum um umboðsmann Alþingis eru umboðsmanni veittar ríkar heimildir til að krefja stjórnvöld um þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem hann þarfnast í þágu þessa hlutverks síns.<sup>57</sup> Fullnægjandi skýringar og upplýsingagjöf stjórnvalda eru enda forsenda þess að hann geti rækt það eftirlitshlutverk sem honum er ætlað samkvæmt lögum, á grundvelli valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.<sup>58</sup> Eðli máls samkvæmt er því mikilvægt að þær upplýsingar sem umboðsmanni eru veittar í tengslum við eftirlitið varpi með nægilegum hætti ljós á aðbúnað og aðstæður frelsissviptra.

## 7.2.2

**Nánar um skráningar í tengslum við gæsluvarðhaldsvistanir**

Viðhlítandi skráning í tengslum við frelsissviptingu manna er mikilvægur þáttur í að varpa ljósi á aðbúnað þeirra og hvort þeir hafi haft aðgang að þeim grunnréttindum sem þeim skulu tryggð. Skráning er einnig forsenda þess að frelsissviptir menn geti látið reyna á réttindi sín, þ.m.t. kvörtunar- og kærurétt. Þá auðveldar skráning eftirlit og er einnig til þess fallin að vernda lögreglu gegn óréttmætum ásökunum um illa meðferð.<sup>59</sup>

<sup>55</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að það hafi ekki verið ætlun embættisins að fela upplýsingar eða komast hjá afhendingu þeirra, enda hafi embættið skilning á nauðsyn þess að umboðsmaður fái aðgang að öllum þeim upplýsingum sem hann óski eftir.

<sup>56</sup> Sjá í þessu sambandi II. kafla greinargerðar með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, með síðari breytingum (OPCAT-eftirlit). 149. lögg.þ., 2018-2019, þskj. 250. Vefútgáfa Alþingistiðinda. Birt á vefslóð: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0250.html> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>57</sup> Sjá 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

<sup>58</sup> Sjá 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

<sup>59</sup> Sjá til hliðsjónar skýrslu SPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Maldíveyyja 10.-17. desember 2007, CAT/OP/MDV/1, málsgr. 116, birt á vefslóð: <https://undocs.org/CAT/OP/MDV/1> [sótt á vef 16. desember 2022] og skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Noregs 18.-27. maí 2011, CPT/Inf(2011)33, málsgr. 19, birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/1680697887> [sótt á vef 16. desember 2022].

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að skráning vegna vistunar gæsluvarðhaldsfanga á lögreglustöðinni á Akureyri hafi farið fram á ritvinnsluforriti og utan skráningarkerfis lögreglu (LÖKE). Vistunarpplýsingar hafi síðan verið afhentar Fangelsismálastofnun við flutning gæsluvarðhaldsfanga. Líkt og áður segir óskaði umboðsmaður eftir nánari upplýsingum og gögnum þessu tengdu en engar vistunarskýrslur voru meðfylgjandi svörum lögreglu eða Fangelsismálastofnunar. Í svörum lögreglu kom þó fram að verklagsreglur lögreglustjórans gerðu ráð fyrir að ef sinna þurfi gæsluvarðhaldsfanga skuli skrá nýtt mál í LÖKE og færa hann inn í handtökukerfið þar.<sup>60</sup> Að öðru leyti var vísað til ábyrgðar Fangelsismálastofnunar á vistun gæsluvarðhaldsfanga. Af gögnum frá Fangelsismálastofnun má ráða að skráning stofnunarinnar lúti að úrskurðum um gæsluvarðhald og nánari atriðum í tengslum við þá, m.a. því hvort einhverjar takmarkanir séu á gæsluvarðhaldinu en ekki að vistun fanga á lögreglustöð.

Eins og fram hefur komið voru vanhöld á skráningu vistunar gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglunnar og fór hún ekki fram í samræmi við verklagsreglur embættisins. Samkvæmt athugasemdum lögreglustjórans við drög að skýrslu vegna heimsóknar umboðsmanns er fyrirhugað að koma skráningu lögreglunnar í betra horf og hefur embættið nú óskað eftir því að búinn verði til nýr verkefnaflokkur í LÖKE um frávík í fangageymslu sem skuli bera heitið „fangavarsla fyrir Fangelsismálastofnun“. Þar skuli öll afskipti og umönnun við fanga skráð og fyrirhugað sé að uppfæra verklagsreglur embættisins samhliða.

Af svörum lögreglunnar og Fangelsismálastofnunar verður eftir sem áður ráðið að óvissa sé um hver beri ábyrgð á vistun fanga sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald og skráningu um vistun hans á meðan hann er enn í haldi lögreglu og biður flutnings í fangelsi.

*Þeim tilmælum er beint til dómsmálaráðherra að skýra ábyrgð á vistun gæsluvarðhaldsfanga og skráningu þar að lútandi við þær aðstæður að hann er enn í haldi lögreglu og biður flutnings í fangelsi.*

### 7.2.3

#### Flutningur og ábyrgð

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að lögregla sjái almennt um flutning gæsluvarðhaldsfanga, sem fari ýmist fram með áætlunarflugi eða lögreglubifreið. Dæmi séu um tafir á flutningi en þær megji m.a. rekja til seinlegra samskipta við fangelsismálayfirvöld, manneklu og í einhverjum tilvikum ófærðar vegna veðurs. Fari flutningur fram með flugi þurfi lögreglumenn einnig að flytja

<sup>60</sup>

Sbr. lokamálgrein 4. gr. verklagsreglna lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, um fangavörslu og meðferð handtekinna nr. 2021-005 frá 27. ágúst 2021.

fanga frá Reykjavíkurlugvelli í Fangelsið Hólmsheiði en flutningur landleiðina sé tímafrekur þar sem hann taki um 10 klukkustundir. Þá þurfi ávallt að senda tvo lögreglumenn í flutning og vaktin á lögreglustöðinni sé því falið meðan á flutningi stendur. Þessi framkvæmd feli jafnframt í sér kostnað fyrir lögregluna sem telji gæsluvarðhaldsfanga vera á ábyrgð Fangelsismálastofnunar. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun telur stofnunin lögreglu bera ábyrgð á að athuga með laus pláss í Fangelsinu Hólmsheiði og að flutningurinn sé alfarið í höndum lögreglu.

Samkvæmt reglugerð um fullnustu refsinga skal rannsóknaraðili, ef því verður við komið tilkynna starfsmönnum viðkomandi fangelsis í tæka tíð um væntanlegan gæsluvarðhaldsfanga.<sup>61</sup> Umboðsmaður hefur áður vikið að því í bréfi til dómismálaráðherra og Fangelsismálastofnunar að ákveðin rök hniði að því að Fangelsismálastofnun fari með ákvörðunartöku um vistunarstað gæsluvarðhaldsfanga.<sup>62</sup>

Af framangreindu verður ráðið að verklag sé óskýrt um framkvæmd og samvinnu stofnana þegar handtekinn maður er úrskurðaður í gæsluvarðhald og flyst í fangelsi úr fangaklefa lögreglu. Vegna þess kunni gæsluvarðhaldsfangi að vistast lengur á lögreglustöð en þörf er á. Í ofangreindu bréfi sínu vék umboðsmaður að því að brýnt væri að ábyrgð og verkferlar væru skýrir að þessu leyti og að komið yrði á skipulagi sem tryggði það og benti dómismálaráðuneytinu og Fangelsismálastofnun á að taka það til athugunar.<sup>63</sup>

*Í ljósi framangreinds er þeim **tilmælum** beint til Fangelsismálastofnunar og lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra, eftir atvikum með aðkomu dómismálaráðherra, að skýra ábyrgð og verklag við vistun og flutning gæsluvarðhaldsfanga.*

#### 7.2.4

#### Aðbúnaður gæsluvarðhaldsfanga

Í fjölþjóðlegum viðmiðum hefur m.a. verið lagt til grundvallar að gæsluvarðhaldsfangar skuli ekki vistast í gluggalausum klefa, hafa viðunandi aðgengi að snyrtilegri hreinlætisaðstöðu og að aðbúnaður í klefa þeirra sé fullnægjandi, m.a. með tilliti til loftgæða, lýsingar og hitastigs. Einnig að fangi eigi að hafa daglegt aðgengi að útiveru í að lágmarki klukkustund, eigi þess kost á að dvelja utan klefa síns í a.m.k. átta klukkustundir og fái að jafnaði að umgangast aðrar manneskjur.<sup>64</sup>

<sup>61</sup> Sjá 20. gr. reglugerðar nr. 240/2018, um fullnustu refsinga.

<sup>62</sup> Sjá lokabréf umboðsmanns Alþingis frá 31. maí 2017 í máli 6334/2011.

<sup>63</sup> Sjá lokabréf umboðsmanns Alþingis frá 31. maí 2017 í máli 6334/2011.

<sup>64</sup> Sjá *Remand detention. Extract from the 26th General Report of the CPT, birt árið 2017. CPT/Inf(2017)5-part, málsgr. 58., 64. og 70. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/168070d0c8> [sótt á vef 16. desember 2022]. Sjá einnig *Police Custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsgr. 42. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 16. desember 2022] og *I-prisonment. Extract from the 2nd General Report of the CPT, published in 1992. CPT/Inf(92)3-part1,***

Samkvæmt Evrópsku fangelsisreglunum skulu gæsluvarðhaldsfangar almennt vistast í fangelsum, þ.e. stofnunum sem ætlaðar eru einstaklingum sem hafa verið frelsissviptir með úrskurði eða dómi.<sup>65</sup> CPT-nefndin hefur mælt gegn því að gæsluvarðhaldsfangar dvelji í fangageymslum lögreglu, m.a. þar sem aðbúnaður þar sé ekki hannaður með tilliti til þess að þar dvelji frelsissviptir menn lengur en í sólarhring. Þá aukist hætta á að fangar sæti ýmiss konar þrýstingi og jafnvel illri meðferð af hálfu lögreglu eftir því sem dvöl þeirra á lögreglustöð varir lengur. Þannig skuli ávallt flytja gæsluvarðhaldsfanga eins fljótt og verða má í fangelsi.<sup>66</sup>

Af heimsókn umboðsmanns varð ekki annað ráðið en að starfsfólk lög- reglustjórans sinnti gæsluföngum eftir bestu getu. Þó mátti heyra á starfsfólki að það hefði áhyggjur af aðbúnaði gæsluvarðhaldsfanga sem vistaðir voru í fangageymslunum, þá sérstaklega eftir því sem lengra leið á vistun. Í viðtölum sem fóru fram í heimsókn á lögreglustöðina kom m.a. fram að gæsluvarðhalds- fangar hefðu ekki tækifæri á að vera utan klefa síns eða komast undir bert loft, enda er ekkert nothæft útisvæði við lögreglustöðina eftir að fangelsinu var lokað. Þá ræðst af aðbúnaði fangageymslunnar að fangar eru læstir í klefa sínum meginhluta dags með tilheyrandi einangrun og myndvöktun auk þess sem þeir eru háðir lögreglu um aðgengi að hreinlætisaðstöðu og næringu.

Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að frá því að Fangelsinu á Akureyri var lokað eru dæmi um að gæsluvarðhaldsfangar hafi vistast í allt að þrjá daga á lögreglustöðinni á Akureyri. Af fyrirliggjandi lagaumgjörð, dómaframkvæmd, alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins og öðrum fjölþjóðlegum við- miðum má ráða að vistun gæsluvarðhaldsfanga á lögreglustöð til lengri tíma, einkum ef einnig er um að ræða bágan aðbúnað, aðstöðuleysi og einangrun, geti talist vanvirðandi meðferð sem bann er lagt við í 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár- innar.<sup>67</sup>

Þótt heimilt sé að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fanga- geymslum lögreglu<sup>68</sup> verður ráðið af öllu ofangreindu að sú heimild sé bundin við að aðbúnaður sé viðhlítandi. Þá felur heimildin í sér undantekningu frá

málsgr. 47 og 48. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806ce96b> [sótt á vef 16. desember 2022]. Sjá einnig Jon Fridrik Kjølbro: *Den Europæiske Menneskerettigheds Konvention. For Praktikere*. 5. útg. Kaupmannahöfn 2020, bls. 313-317.

<sup>65</sup> Sbr. gr. 10.2 Evrópsku fangelsisreglnanna. Af hálfu umboðsmanns Alþingis hefur lengi verið lagt til grundvallar að yfirvöldum fangelsismála hér á landi beri að gæta að reglunum í störfum sínum í sam- ræmi við vandaða stjórnásluhætti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, þótt þær feli ekki í sér beinar skuldbindingar að þjóðarétti, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis frá 20. nóvember 1996 í máli nr. 1506/1995, 7. júlí 2000 í máli nr. 2426/1998 og 17. desember 2009 í máli nr. 5515/2008.

<sup>66</sup> Sjá *Remand detention. Extract from the 26th General Report of the CPT, birt árið 2017*. CPT/Inf(2017)5- part, málsgr. 70. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/168070d0c8> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>67</sup> Sjá m.a. dóm Hæstaréttar Íslands frá 16. mars 2017 í máli 345/2016.

<sup>68</sup> Þó ekki lengur en fjóra sólarhringa nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.

almennri reglu um vistun gæsluvarðhaldsfanga í fangelsi.<sup>69</sup> Standi til að nýta slíka heimild þarf að veita fanga aðgengi að lágmarksaðbúnaði, s.s. þannig að hann hafi kost á að verja tíma utan klefa síns og hafi aðgengi að útivist, snyrtilegri hreinlætisaðstöðu og samneyti við annað fólk.

Ekki er útilokað að nýta þurfi slíkar heimildir í undantekningartilvikum en aðstöðuleysi og skortur á verklagi og samvinnu milli stofnana sem hafa umsjón með svo mikilsverðum réttindum manna getur að mati umboðsmanns ekki réttlætt framlengda vistun við óviðunandi aðbúnað.

*Þeim tilmælum er beint til Fangelsismálastofnunar og lögrelustjórnans á Norðurlandi eystra að bæta verklag um vistun gæsluvarðhaldsfanga þannig að gæsluvarðhaldsfangi sé fluttur án tafar í viðeigandi fangelsisúrræði.*

*Því er jafnframt komið á framfæri við lögrelustjórnann á Norðurlandi eystra, Fangelsismálastofnun, ríkislögrelustjóra og dómsmálaráðherra að aðstaða í fangageymslu lögreglunnar á Akureyri uppfyllir ekki þær kröfur um aðbúnað sem gerðar eru til vistunar gæsluvarðhaldsfanga.*

Í þessu sambandi er rétt að nefna að af viðtölum við starfsmenn lögreglu mátti ráða að lokun fangelsisins hefði falið í sér skerðingu á starfsemi lögreglunnar og að engin áform lægju fyrir um að koma upp gæsluvarðhaldsaðstöðu innan embættisins.

Vöntun á gæsluvarðhaldsúrræði á Akureyri vekur upp spurningar um hvort varðhald gæsluvarðhaldsfanga sem eru fluttir þaðan kunni að lengjast. Þannig mætti t.d. hugsa sér tafir í sakamálarannsókn vegna flutnings sökum þess að sakborningur er staðsettur í fimm klukkustunda akstursfjarlægð frá lögreglu sem sinnir rannsókn máls og að óviðráðanlegar aðstæður eins og t.d. veðurskilyrði kynnu þ.a.l. að tefja rannsókn.

<sup>69</sup>

Samkvæmt athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, og meðfylgjandi gögnum, þ. á m. tölvupóstsamskiptum lögrelustjóra við fangelsismálayfirvöld og dómsmálaráðuneytið, gerði embættið athugasemdir við það fyrirkomulag að loka Fangelsinu á Akureyri og vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu á grundvelli undanþáguheimildar, sem sé skýrd þröngt og ekki hægt að beita sem meginreglu. Það fæli í sér skerðingu á mannréttindum fanga væru þeir látnir sæta gæslu af lögreglu sem rannsakaði einnig mál þeirra. Samkvæmt athugasemdunum var ekki brugðist sérstaklega við ábendingum embættisins.



# 8 Starfsfólk

## 8.1

### Almennt

Samkvæmt upplýsingum sem fengust í heimsókninni eru yfirleitt sex starfsmenn á vakt á lögreglustöðinni á Akureyri. Einu stöðugildi var bætt við vaktina þegar Fangelsinu á Akureyri var lokað en vakt í fangageymslu hafði áður verið sinnt af fangavörðum fangelsisins.

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að áhersla væri lögð á að sinna handteknum mönnum sem vistast í fangageymslum lögreglu og að sú áhersla birtist m.a. í verklagsreglum lögreglustjórans.<sup>70</sup> Við upphaf vaktar er lögreglu-manni falið hlutverk fangavarðar og það skráð í LÖKE. Þegar handtekinn maður er vistaður í fangageymslu skal vera að minnsta kosti einn lögreglumaður á stöðinni auk fangavarðar. Aðalvarðstjóri ber ábyrgð á eftirfylgni verklagsreglnanna.

Aðbúnaður starfsmanna þótti almennt góður en meðan á heimsókninni stóð voru framkvæmdir í þeim hluta húsnæðisins þar sem Fangelsið á Akureyri var áður til húsa og nú tilheyrir lögreglustjóranum. Með breytingum á húsnæði mun rými undir starfseminna stækka en nokkuð þröngt hefur verið um starfsmenn í húsnæðinu frá sameiningu lögregluembættanna.

Lögreglumönnum býðst að sækja námskeið í valdbeitingu og skyndihjálpi en í viðtölum kom fram að sí- og endurmenntun á þeim sviðum færi almennt fram með reglubundnum hætti.

## 8.2

### Menntun og þjálfun

Um kröfur sem gerðar eru til menntunar og þjálfunar lögreglumanna vísast nánar í skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu á Hverfisgötu.<sup>71</sup> Í því sambandi hefur CPT-nefndin litið svo á að þróun við-eigandi menntunar, grunnþjálfunar og endurmenntunar í helstu mannréttindareglum, innlendra löggjöf og verndarráðstöfunum sé mikilvægur liður í að bæta starfshætti lögreglu. Jafnframt telur nefndin að fagleg löggæsla haldist í

<sup>70</sup> Sjá verklagsreglur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um fangavörslu og meðferð handtekinna manna nr. 2021-005 frá 27. ágúst 2021.

<sup>71</sup> Sjá 9. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 61-62. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022].

hendur við viðeigandi þjálfun við beitingu valds svo að samræmist grundvallar-sjónarmiðum um lögmati, nauðsyn og meðalhóf.<sup>72</sup>

Af viðtölum við starfsmenn verður ráðið að helstu áskoranir í starfsmannamálum sé skortur á menntuðum lögreglumönnum. Stytting vinnuvikunnar hafi orðið til þess að bæta hafi þurft við heilli vakt og þar með hafi mönnunarvandi embættisins aukist svo að hluti vakta sé nú mannaður afleysingamönnum. Þar sé bæði um að ræða nemendur sem stundi nám í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri en einnig aðra sem ekki stundi nám.

Afleysingamenn ljúka þriggja daga nýliðanámskeiði sem í felst m.a. fræðsla og þjálfun í valdbeitingu og kynning á skyndihjálpi en ekki fer fram sérstök fræðsla um fangavörslu. Í heimsókn umboðsmanns kom fram að oftar en ekki félli það í hlut afleysingamanna að sinna fangavörslu þar sem menntaðir lögreglumenn þyrftu að sinna almennri löggæslu. Þeir starfsmenn sem rætt var við voru þó meðvitaðir um verklagsreglur við vistun og meðferð handtekinna og jafnframt þær skyldur sem gæta þarf að við vistun þeirra.

Dómsmálaráðherra hefur boðað tímabundið átak í fjölgun nemenda í lögreglunámi á háskólastigi vegna skorts á menntuðum lögreglumönnum í íslensku löggæslukerfi. Í lok árs 2021 var fjöldi stöðugilda lögreglumanna sem störfuðu við almenna löggæslu alls 32,5 hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, og þar af voru afleysingamenn í 13,5 stöðugildum, eða um 40% starfandi almennra lögreglumanna hjá embættinu. Til samanburðar má nefna að fyrir um sex árum, eða í lok árs 2015, voru stöðugildi lögreglumanna í almennri löggæslu alls 21 og afleysingamaður í einu stöðugildi eða um 5%.<sup>73</sup>

Samhliða auknum fjölda starfandi afleysingamanna í lögreglu er nauðsynlegt að endurskoða og eftir atvikum auka þjálfun, fræðslu og endurmenntun afleysingamanna svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum og löggjöf, valdbeitingaraðferðum og skyndihjálpi.

<sup>72</sup>

*Sjá Preventing police torture and other forms of ill-treatment – reflections on good practices and emerging approaches. Extract from the 28th General Report of the CPT, published in 2019, CPT/Inf(2019)9-part, málsgr. 71. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/1680942329> [sótt á vef 16. desember 2022]. Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu hefur verið fullgiltur af hálfu Íslands. Í 10. gr. samningsins segir að hvert aðildarríki skuli tryggja að kennsla og upplýsingar um bann við pyndingum verði óaðskiljanlegur hluti þjálfunar löggæslumanna á vegum borgaralegra yfirvalda eða hers, starfsfólks í heilsugæslu, opinberra starfsmanna og annarra sem kunna að fást við gæslu, yfirheyrslu eða meðferð hvers þess manns sem sætir handtöku, gæslu eða fangelsun af nokkru tagi.*

<sup>73</sup>

*Sjá svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn um reynslu og menntun lögreglumanna, 152. löggj.þ., 2021-2022, þskj. 686. Birt á vefslóð: <https://www.althingi.is/altext/152/s/0686.html> [sótt á vef 16. desember 2022].*

Þeim **tilmælum** er beint til lögrelustjórans á Norðurlandi eystra, eftir atvikum í samstarfi við rikislögrelustjóra og dómsmálaráðherra, að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun afleypsingamanna í lögreglu svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum og löggjöf, valdbeitingaraðferðum og skýndihjálpi, ekki síst í ljósi skyldna sem lögregla hefur við vistun handtekinna.

# 9 Heilbrigðisþjónusta

## 9.1

### Almennt

Í heimsókn umboðsmanns var aðgengi vistmanna að heilbrigðisþjónustu kannað eins og almennt er gert í slíkum heimsóknum. Um lagareglur og fjölþjóðleg viðmið vegna réttar frelsissviptra manna til heilbrigðisþjónustu er nánar vísað til ítarlegrar umfjöllunar í skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á lögreglustöðina á Hverfisgötu.<sup>74</sup> Réttur til heilbrigðisþjónustu hefur af hálfu CPT-nefndarinnar verið talinn til þriggja grundvallarráðstafana til verndar mönnum í haldi lögreglu.<sup>75</sup>

## 9.2

### Heilbrigðisþjónusta

Um aðgengi að heilbrigðisþjónustu segir í verklagsreglum lögreglunnar að aðalvarðstjóri beri ábyrgð á að handtekinn maður fái þá heilbrigðisþjónustu sem hann þarf. Fangavörður og aðrir sem annast hann meta ástand hans með tilliti til þess hvort rétt sé að læknir skoði hann og upplýsir aðalvarðstjóra um þörf hins handtekna fyrir lækniþjónustu. Þá eru nefnd nokkur tilvik þar sem rétt er samkvæmt verklagsreglunum að kalla til lækni, m.a. vegna meðvitundarstigs, geðrofs eða sjálfsvígshættu vistmanns. Jafnframt kemur fram að í vafa eigi ávallt að leita lækni. Í þessu sambandi er rétt að nefna að nefnd um eftirlit með lögreglu hefur talið tilefni til að beina þeim tilmælum til embættis ríkislögreglustjóra að setja samræmdar verklagsreglur um vistun handtekinna manna og mat á aðstæðum þegar kalla þurfi til lækni eða hjúkrunarfræðing.<sup>76</sup>

<sup>74</sup> Sjá 10. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15-17. apríl 2019, bls. 64-70. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022]. Sjá einnig umfjöllun í 8. kafla skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021, bls. 23-26. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>75</sup> Sjá *Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT*, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsgr. 36. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 16. desember 2022] og *Developments concerning CPT standards in respect of police custody. Extract from the 12th General Report of the CPT*, birt árið 2002. CPT/Inf(2002)15-part, málsgr. 40. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806ced1ed> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>76</sup> Sbr. mál nr. NEL 18100009.

Umboðsmaður hefur í umfjöllun sinni um heilbrigðisþjónustu handtekinnna manna bent á að tryggja þurfi að þeir sem meta nauðsyn á heilbrigðis- aðstoð hafi til þess þekkingu, m.a. í ljósi tilmæla sérlegs talsmanns Sameinuðu þjóðanna um pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (e. *Special Rapporteur on torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment*) um að handtekinn maður skuli undirgangast heilbrigðisskoðun strax við handtöku og áherslu CPT-nefndarinnar um mikilvægi heilsufarsskimana við upphaf vistunar.<sup>77</sup>

Af viðtölum við starfsmenn mátti ráða að lögreglan hefði lágan þröskuld fyrir því að kalla til eða ráðfæra sig við lækni. Réttur til heilbrigðisþjónustu er kynntur á upplýsingablaði sem handteknum mönnum sé ávallt afhent og læknir sé kallaður til þegar hinn handtekni óski þess. Í ljósi annarlegs ástands sem handteknir menn kunna að vera í og þess að aðgengi að heilbrigðisþjónustu telst einn grundvallarþátta við vernd þeirra gegn illri meðferð kann þó að vera ástæða til að áréttta þennan rétt sérstaklega.<sup>78</sup> Af viðtölum við starfsmenn og stjórnendur má ráða að viðvera lögreglumanna í læknisskoðunum sé ekki óalgeng.<sup>79</sup> Í viðmiðum CPT-nefndarinnar er sérstaklega áréttað að læknisskoðun skuli fara fram án þess að lögreglumenn heyri til og, nema læknir óski annars í sérstökum tilvikum, úr augsýn þeirra.<sup>80</sup>

*Þeim tilmælum er beint til [lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra](#):*

- *Að tryggja að þeim sem vistaðir eru í fangageymslu sé kunnugt um rétt þeirra til að fá lækni kallaðan til. Þá verður að tryggja að fram fari einstaklingsbundið mat á þörf fyrir viðveru lögreglu í læknaviðtölum.*
- *Að gera ráðstafanir til að frelsissvipting girði ekki fyrir að handteknir menn geti fengið bráðnauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Liður í því er að fyrir hendi sé nægjanleg þekking til að meta hvort heilsa hafi áhrif á vistun handtekins*

<sup>77</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021, bls. 24. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>78</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að fyrirhugað sé að breyta verklagsreglum embættisins á þá leið að fangaverði sé skylt að upplýsa fanga um rétt sinn til að fá lækni kallaðan til.

<sup>79</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, er bent á að m.t.t. öryggis læknis og þess handtekna sé lögreglumaður viðstaddur þegar þess gerist þörf ef ástand manna er með þeim hætti að þeir geti beitt sér gegn læknum.

<sup>80</sup> Sjá *Police custody. Extract from the 2nd General Report of the CPT*, birt árið 1992. CPT/Inf(92)3-part1, málsgr. 38. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cea2f> [sótt á vef 16. desember 2022] og *Developments concerning CPT standards in respect of police custody. Extract from the 12th General Report of the CPT*, birt árið 2002. CPT/Inf(2002)15-part, málsgr. 42. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cd1ed> [sótt á vef 16. desember 2022].

*manns og þar með hvort þörf sé á sérstökum ráðstöfunum, eins og lyfjagjöf eða flutningi á heilbrigðisstofnun.*

### 9.3

#### Afskipti vegna geðræns ástands

Í heimsókn umboðsmanns kom fram að nú væri unnið að gerð verklagsreglna milli lögreglunnar og Sjúkrahússins á Akureyri (SAK). Umboðsmaður heimsótti geðdeild sjúkrahússins einnig 24. maí 2022.<sup>81</sup> Í heimsókn til lögreglu kom fram að einstaklingar sem ekki væru grunaðir um refsiverða háttsemi kynnu að vera vistaðir í fangaklefa t.d. vegna vímuástands. Það væri m.a. vegna þess að sjúkrahúsið vildi ekki taka við einstaklingum sem væru í slíku ástandi, m.a. með tilliti til öryggis, en lögregla taldi slíka einstaklinga jafnframt þarfnast heilbrigðisaðstoðar og ekki eiga að vistast í fangaklefa. Þá væri ekkert úrræði fyrir fíkniefna-neytendur rekið á Akureyri.

Að þessu leyti mátti finna að ákveðið úrræðaleyfi ríkti þegar kemur að einstaklingum sem lenda í höndum lögreglu vegna geðræns ástands, sem í sumum tilvikum stafar af neyslu vímuefna. Í ársskýrslu umboðsmanns 2021 kemur fram að leita þurfi leiða til að refsivörslu-, fullnustu- og heilbrigðisferfið virki betur saman þannig að einstaklingar í þessari stöðu fái heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.<sup>82</sup>

Það er ekki umboðsmanns að gera tillögu að úrlausn á framangreindum vanda en í fyrrgreindri ársskýrslu var m.a. vakin athygli á nauðsyn samráðs og samvinnu stjórnvalda þegar málefni lúta að verkefnum tveggja þeirra eða fleiri. Með vísan til alls ofangreinds má ætla að í þessum efnum sé þörf á samráði og samvinnu stofnana og ráðuneyta á sviði löggæslu- og heilbrigðismála en einnig eftir atvikum á sviði félagsmála.

*Þeim tilmælum er beint til [lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra](#) að efla samvinnu við geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri og fylgja eftir áformum um gerð verklags í tengslum við lögbundin verkefni á sviði löggæslu og heilbrigðisþjónustu sem hafa snertifleti við báðar stofnanir. Í því sambandi er hér höfð í huga heilbrigðisþjónusta við handtekna menn.*

### 9.4

#### Sjálfsvigshætta

Þegar einstaklingur sem er vistaður er í sjálfsvigshættu og skaðar sjálfa/n sig segir í verklagsreglum að það skuli skráð í LÖKE og eftirlit með honum skuli

<sup>81</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri 24. maí 2022 sem birt er á heimasíðu umboðsmanns: <https://www.umbodsmadur.is/opcat>.

<sup>82</sup> Sjá kafla 1.5. í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2021, bls. 20. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10197/ua-arsskyrsla-2021.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

vera stöðugt. Samkvæmt viðtölum var mjög óalgennt að menn væru vistaðir án klæða í fangaklefa, vegna hættu á sjálfsskaða með fatnaði, en gerðar hafi verið öryggisráðstafanir m.a. með því að fjarlægja bönd úr fötum eða afhenda vistmanni aukaföt sem ávallt eru til staðar í fangageymslu. Skráð voru átta tilvik um sjálfsskaða eða tilraun til sjálfsskaða á árstímabili sem kom til skoðunar en athygli vakti að við úrvinnslu gagna þurfti að leita handvirkt að skráningum um sjálfsskaða og í viðtölum kom fram að ekki væri hægt að safna upplýsingum um þetta með leitaradgerðum í kerfinu.

Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmaður og starfsmenn hans hafa aflað í öðrum heimsóknum í fangageymslur lögreglu var áður vandamál að skrá og kalla fram í LÖKE tiltekna tegundir atvika í fangageymslum, s.s. um sjálfsskaða. Nú hafi hins vegar verið brugðist við áðurgreindum vanda með innleiðingu nýs tölfraeðikerfis, svonefnds mælaborðs, sem geri stjórnendum kleift að vakta einstaka frávikspætti, s.s. ætluð geðræn veikindi, sjálfsvígstílaunir og sjálfsskaða.<sup>83</sup> Af framangreindu má hins vegar ætla að lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra sé ekki kunnugt um framangreindar umbætur eða hafi ekki aðgang að uppfærðum skráningarmöguleikum.<sup>84</sup>

Líkt og fram hefur komið hafa fjölþjóðlegir eftirlitsaðilar í eftirlitsheimsóknnum sínum lagt áherslu á mikilvægi skráningar í tengslum við frelsissviptingu manna, sem grundvallaratriðið við vernd gegn illri meðferð.<sup>85</sup> Viðhlitandi skráning getur einnig haft þýðingu þegar kemur að því að kalla fram og greina atvik sem koma upp og varpað ljósi á hvar úrbóta er þörf.

*Þeim tilmælum er beint til [lögreglustjórans á Norðurlandi eystra](#), eftir atvikum með atbeina ríkislögreglustjóra, að kynna sér uppfærða skráningarmöguleika um frávik í fangageymslu lögreglu og tryggja að skráning þar um sé í réttu horfi.*

<sup>83</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 69. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022]. Sjá einnig skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum 20-21. janúar og 13.-14. febrúar 2021, bls. 30. Birt á vefslóð: <https://www.umbodsmadur.is/asset/10134/opcat-fangageymslur-a-sudurnesjum.pdf> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>84</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að fyrirhugað sé að breyta verklagsreglum embættisins þannig að ef handtekinn einstaklingur skaði sig verði það skráð sem frávik í fangageymslu. Þá hafi embættið óskað eftir því að opnað verði fyrir svonefnt mælaborð fyrir stjórnendur.

<sup>85</sup> Sjá t.d. skýrslu SPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Maldíveya 10.-17. desember 2007, CAT/OP/MDV/1, málsgr. 116, birt á vefslóð: <https://undocs.org/CAT/OP/MDV/1> [sótt á vef 16. desember 2022] og skýrslu CPT-nefndarinnar vegna heimsóknar til Noregs 18.-27. maí 2011, CPT/Inf(2011)33, málsgr. 19, birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/1680697887> [sótt á vef 16. desember 2022].

# 10 Upplýsingagjöf og skráning

## 10.1

### Almennt

Í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögglustöðvarinnar við Hverfisgötu er fjallað um helstu réttarreglur og fjölþjóðleg viðmið um rétt handtekinna manna til upplýsingagjafar í tengslum við vistun í fangageymslum lögreglu. Einnig er þar fjallað um samspil lagareglna sem gilda um málsmeðferð við ákvarðanatöku og framkvæmd vistunar í fangageymslu lögreglu við reglur stjórnarsýslulaga, óskráðar grundvallarreglur stjórnarsýsluréttarins og vandaða stjórnarsýsluhætti, m.a. um upplýsingagjöf og andmælarétt. Um það vísast nánar til þeirrar skýrslu, sem aðgengileg er á vefsíðu umboðsmanns.<sup>86</sup>

## 10.2

### Upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir

Bæði á lögfestum og ólögfestum grundvelli hefur verið lögð áhersla á að stjórnvöld hafi frumkvæði að því að veita borgurunum leiðbeiningar og þá m.a. um kæruleiðir innan stjórnkerfisins. Í samræmi við þetta er mikilvægt að þeir sem starfa við fangageymsluna og koma að öðru leyti að málum þeirra sem þar vistast þekki og veiti leiðbeiningar um rétt og leiðir til að kæra eða kvarta yfir ákvörðunum, meðferð eða aðbúnaði tengdum vistun í fangageymslu. Þá hefur CPT-nefndin lagt áherslu á að þau réttindi sem frelsissviptum einstaklingum hafa verið tryggð með lögum og fjölþjóðlegum samningum séu til lítils ef þeir eru ómeðvitaðir um tilvist þeirra.<sup>87</sup> Það er því mikilvægt að menn sem vistaðir eru í fangageymslum séu upplýstir um réttindi sín.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akureyri eru kvörtunar- og kæruleiðir vegna meðferðar eða atvika í tengslum við vistun ekki kynntar sérstaklega.<sup>88</sup> Láti hinn handtekni í ljós vilja til sinn til að koma á framfæri athugasemdum vegna vistunar eða meðferðar er honum aftur á móti bent á að kvarta til nefndar um eftirlit með lögreglu eða til yfirstjórnar lögreglunnar.<sup>89</sup>

<sup>86</sup> Sjá skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglu við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 75-76 og 82-84. Birt á vefslóð: [https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>87</sup> Sjá *Developments concerning CPT standards in respect of police custody. Extract from the 12th General Report of the CPT*, birt árið 2002. CPT/Inf(2002)15-part, málsg. 44. Birt á vefslóð: <https://rm.coe.int/16806cd1ed> [sótt á vef 16. desember 2022].

<sup>88</sup> Í athugasemdum LNE við skýrsludrögin, dags. 2. desember 2022, kemur fram að embættið telji eðlilegt að leiðbeint verði um kæruleiðir á upplýsingablaði sem handteknum einstaklingum sé afhent.

<sup>89</sup> Í þessu sambandi má nefna að umboðsmaður hefur beint tilmælum um þessi efni til lögglustjórnans á höfuðborgarsvæðinu í skýrslu vegna heimsóknar í fangageymsluna við Hverfisgötu. Sjá skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu 15.-17. apríl 2019, bls. 14. Birt á vefslóð:



Þeim **tilmælum** er beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að tryggja að upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir séu kynntar kerfisbundið og að starfsmönnum sé leiðbeint sérstaklega um hvernig gæta beri að þessum réttindum þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu.

### 10.3

#### Skráning

Í verklagsreglum lögreglustjórans segir að eftirlit skuli haft með föngum eigi sjaldnar en á 30 mínútna fresti og að eftirlit sé skráð í vistunarskýrslu í LÖKE. Skráning um þetta var að jafnaði góð en af þeim vistunarskýrslum sem umboðsmanni bárust voru þó nokkur dæmi um að eftirlit væri skráð með lengra millibili.

Þeim **tilmælum** er beint til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra að gæta að nákvæmni við skráningu í vistunarskýrslur, einkum um hvenær handteknum einstaklingi er sinnt.

[https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma\\_opcat\\_heimsoknarskyrsla\\_logreglustodin\\_final.pdf](https://www.umbodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf) [sótt á vef 16. desember 2022]. Í svörum lögreglustjórans við tilmælunum kemur m.a. fram að embættið telji upplýsingum um farveg kvartana og athugasemda vegna handtöku og vistunar einstaklinga hjá lögreglu best fyrir komið á upplýsingablaði um réttindi handtekinna manna og því hafi verið komið á framfæri við dómsmálaráðuneytið.

## 11 Eftirfylgni

Umboðsmaður mun áfram fylgjast með þróun mála sem og viðbrögðum lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og eftir atvikum ríkislögreglustjóra og Fangelsismálastofnunar í kjölfar þessarar skýrslu sem getur orðið tilefni til þess að hann taki tiltekin atriði til frekari skoðunar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins eða frumkvæðisheimildar sinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Með sama hætti mun umboðsmaður fylgjast með því hver verður framvinda þeirra atriða sem bent er á í þessari skýrslu og varða aðkomu **dómsmálaráðherra**.

Í ljósi réttaröryggis þeirra einstaklinga sem eru vistaðir í fangageymslu lögreglu og þeirra athugasemda sem settar eru fram í skýrslunni er þess óskað að lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra og eftir atvikum ríkislögreglustjóri og Fangelsismálastofnun upplýsi umboðsmann um viðbrögð við þeim tilmælum og ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni eigi síðar en 1. júlí 2023. Þannig er þess óskað að upplýst verði um hvort tilmælin og ábendingarnar leiði til einhverra aðgerða eða athafna af þeirra hálfu og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni. Þess er jafnframt óskað að umboðsmanni hafi á sama tíma verið gerð grein fyrir viðbrögðum **dómsmálaráðuneytisins** við þeim tilmælum og ábendingum sem beint er til þeirra.

